



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

15. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2025, kl. 15:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður Alexandra Rós Jóhannesdóttir, Elvar Harðarsson fjarverandi. Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björg Gylfadóttir fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Leikskólans Undralands, Halla Gunnarsdóttir fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Valný Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans Undralands, Hjalti Sigurðsson, fulltrúi foreldra Leikskólans Undralands, Auður Hanna Grímsdóttir, fulltrúi foreldra Flúðaskóla. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Kynning á verkefninu Barnvænt samfélag.

Kolbrún Haraldsdóttir umsjónarmaður verkefnisins kynnti verkefnið fyrir Skólanefnd. Kolbrún kynnti hvað felst í því að vera Barnvænt samfélag. Vinna hér hófst árið 2020 en Covid gerði óneitanlega strök í reikninginn. Starfandi stýrihópur hefur unnið að innleiðingu undir stjórn Kolbrúnar.

Kolbrún fór yfir aðgerðir í aðgerðaáætlun Hrunamannahrepps. Nú er komið að framkvæmdum út frá aðgerðaráætlun og í framhaldinu verður skýrsla unnin. Svo hefst ferlið á ný enda er um langtíma verkefni af ræða.

Skólanefnd ræddi um innleiðinguna og fyrirkomulag vinnunnar fram undan.

Mikilvægt er að verkefninu verði fylgt vel eftir. Nefndin bendir á að gott væri að kynna verkefnið á heimasíðu sveitarfélagsins.

2. Skýrsla skólastjóra Flúðaskóla, febrúar 2025.

Jóhanna Lilja Arnardóttir kynnti skýrslu skólastjóra.

Desembermánuður var hefðbundinn hjá okkur þannig að mikið var um allskonar uppbrot og skemmtilegheit í tilefni af komu jóla. Síðasta skóladegi lauk svo með litlu jólunum okkar þann 20. desember. Skólahald hófst svo aftur með starfsdegi kennara þann 2. janúar og nemendur mættu svo þann 3. Á þrettándanum, mánudaginn 6. janúar fóru nemendur og starfsfólk Flúðaskóla og leikskólans Undralands í sameiginlega vasaljósagöngu. Sigfríð kom til okkar í tvo daga í mánuðinum. Fyrri daginn fór hún í stofur og leiðbeindi kennurum varðand líkamsbeitingu á

KP JLA AHG ADJ HG HG SBG OG

vinnusvæðum. Seinni daginn kom hún svo hingað með fyrirlestur fyrir okkur starfsfólkið.

Samfélagslögreglan kom til okkar 28. janúar í fyrirlestur og spjall við 7.-9. bekk. Einnig afhenti hún skólanum flæðirit sem sýna hvað skal gera ef mál tengd vopnaburði eða kynferðisofbeldi koma upp. Danskur nemendahópur er hér í heimsókn hjá okkur dagana 3. – 6. febrúar, 39 nemendur og 3 kennarar. Þau koma frá Holbæk Lilleskole, sem er sá skóli sem við höfum verið í samstarfi við undanfarin ár. Flúðaskóli, í samvinnu við Skólaþjónustu Árnesþings, er einn af 26 skólum á landinu sem tekur þátt í innleiðingu og þróun á Matsferli og rafræns prófakerfis, sem er nýtt heildstætt matskerfi og ætlað að draga upp heildstæða mynd af námslegri stöðu og framvindu nemenda í gegnum skólagönguna og finna þau börn sem eru líkleg til þess að glíma við námsvanda síðar, svo hægt sé að veita þeim viðeigandi stuðning eins fljótt og kostur er. Hlutverk skólanna verður að veita Miðstöð menntunar og skólaþjónustu endurgjöf varðandi inntak stöðu- og framvinduprófanna en einnig varðandi fyrirkomulag og framkvæmd þeirra. Stjórnendur tóku þátt í veffundum vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á Frigg, sem er gagnagrunnur og viðmót fyrir nemendaskráningu og nemendaupplýsingar á landsvísi, fyrst í grunnskólum en síðar einnig leik- framhaldsskólum, allt fram að háskólanámi. Nánari upplýsingar um Frigg má finna hér: <https://frigg.midstodmenntunar.is/>

Þessa dagana erum við að vinna að breytingum á reglum skólans varðandi símanotkun, í samvinnu við Skólaþjónustu Árnesþings og komum til með að bjóða öðrum skólum innan skólaþjónustunnar að taka þátt. Flóaskóli er reyndar þegar orðinn símalaus skóli. Við munum funda með starfsmönnum, foreldrum og nemendum unglingastigs og í framhaldi af því að senda út kannanir til þeirra.

3. Skýrsla leikskólastjóra Undralands í febrúar 2025.

Jóna Björg Jónsdóttir fór yfir skólastarf leikskólans að undanfögnu. Leikskólastarfið hefur gengið vel, það er náðst hefur að halda skipulögðu starfi þrátt fyrir mikil veikindi bæði barna og starfsfólks í desember og janúar.

Það var haldið jólaball að venju í síðustu vikunni fyrir jól. Eftir áramót komu allir glaðir og tilbúnir í leikskólalífið eftir gott jólafrí.

Talsverður undirbúningur var fyrir þorrann og gestum boðið í morgunmat (hafragraut og slátur) eftir morgunmatinn buðu börnin gestunum inn á deildir að leika. Þetta gekk mjög vel og haft var orð á því að vel hafi tekist til.

Samstarfið milli elstu barna Undralands og nemenda í 1. bekk í Flúðaskóla hefur gengið mög vel og er sérstök ánægja með það. En þau hittast að meðaltali aðrahluta vikunnar og vinna verkefni saman.

28. janúar kom lögreglan í heimsókn með Lúlla löggubangsa, saman fræddu þau börnin um umferðaröryggi og reglur.

Varðandi þróunarverkefnið „snemmtæk íhlutun“ sem við erum með öðrum leikskólum í uppsveitunum í, þá gengur það eftir áætlun. Starfsdagurinn 19. febrúar verður allur nýttur í það verkefni. Við verðum þá í Brautarholti ásamt starfsmönnum hinna leikskólanna.

Handwritten signatures and initials: JLA, KP, HG, JS, ABG, ARJ, UG, and others.

Verið er að skoða innleiðingu á Jákvæðum aga og kynningarfundur með lykilfólki sem átti að vera með Flúðaskóla og Reykholtsskóla 28. Janúar frestaðist v. veikinda fyrirlesarans.

Varðandi starfsmannamál þá vantar okkur tilfinnanlega leikskólakennara. Í það minnsta einn reyndan starfsmann þar sem að einn hætti. Það er til að sérkennslustjórinn geti sinnt þeim börnum sem þurfa þess með. Þetta er það sem ég hef mestu áhyggjurnar af, það er að börnin sem þurfa auka þjálfun/stuðning fái hann ekki.

Í gær 4. mars komu til okkar 35 starfsmenn leikskólans Bergheima í Þorlaákshöfn og fengu kynningu á útináminu hjá okkur og skoðuðu útináms aðstöðuna í skóginum.

Að lokum vil ég segja að ég er mjög spennt yfir vinnu við stækkun leikskólahúsnæðisins og hef trú á að hún muni ganga vel.

4. Niðurstöður Skólapúlsins í Flúðaskóla

Niðurstöður Skólapúlsins lagðar fram, kynntar og ræddar.

Skólanefnd lýsir yfir áhyggjum af því að ánægja af lestri nemenda á öllum aldri er undir landsmeðaltali. Nefndin leggur áherslu á að samfélagið allt, skólinn og heimilin, verða að eiga gott samstarf um læsi ef mögulegt á að vera að auka ánægju barna af lestri.

5. Fyrstu drög að skóladagatölum og samræming milli skólastiga.

Skóladagatöl leikskólans og grunnskólans lögð fram og rædd.

Umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Læsisstefna.

Drög að læsisstefnu leik- og grunnskóla lögð fram til kynningar.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju með metnaðarfulla stefnu og samþykkir hana fyrir sitt leyti. Læsisstefnan verður kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins sem og skólanna beggja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:54

Alexandra Ros Jóhannesdóttir
Vilborg Ástráðsdóttir
Sigríður Björk Gylfadóttir
Valur Guðmundsson
Audur Hanna Grímsdóttir
Jón Björg Jónsdóttir
Hjalbi Sigurðsson
Johanna Lipp Amund.
Katrín Þorvaldsdóttir
Aldri Hafleirsdóttir Halle Gunnarsdóttir